

Sp.

503. Þingsályktun

um vélar til raforkuvinnslu á sveitaheimilum.

(Afgreidd frá Sp. 2. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að láta rannsaka hið allra fyrsta, hvernig fullnægt verði raforkuþörf þeirra sveitaheimila, sem hvorki hafa hentug skilyrði til vatnsvirkjunar né eiga kost á raforku úr almennarafveitum;
2. að athuga að lokinni þessari rannsókn, á hvern hátt þessum heimilum verði tryggð kaup á þeim tækjum, sem hentugust þættu til raforkuvinnslu handa þeim, með beztu fáanlegum kjörum, meðal annars með því að hlutast til um, að tollur af þessum tækjum verði ekki hærri en af landbúnaðarvélum;
3. að birta niðurstöður rannsóknarinnar og gefa út leiðarvísi um gerð, uppsetningu og alla meðferð þessara tækja handa notendum þeirra.